

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Stækkun Sigöldustöðvar og uppbygging vinnubúða. Breyting á deiliskipulagi.

Um er að ræða tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til athafnasvæðis við Sigöldustöð. Afmarkað er svæði fyrir vinnubúðir starfsfólks, svæði fyrir sprengiefnageymslu, svæði fyrir steypustöð, skemmur/verkstæði og haugsvæði fyrir mögulega efnislosun. Vinnubúðir, steypustöð, skemmur og haugsvæði eru sunnan við Tungnaá, á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem efnistökusvæði E72 og skógræktar- og landgræðslusvæði SL26, skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra. Sprengiefnageymsla er skammt frá Krókslóni og aðrennslisskurði Sigöldustöðvar, á óbyggðu svæði skv. aðalskipulagi Ásahrepps.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. ágúst 2024.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 11. nóvember 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. nóvember 2024